

1. Fundur skólaráðs Myllubakkaskóla haldinn 18.10.2010 kl. 16:00-17:00

Mættir: Guðrún, Ingólfur, Svana, Stefán, Júlíus, Hrafnhildur, Ingibjörg Jenný og Stefán Már

1. Farið yfir síðustu fundargerð og störf ráðsins síðasta skólaár.
2. Guðrún fór yfir hlutverk ráðsins.
3. Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 var kynnt fyrir fundarmönnum.
4. Rætt var um sjálfsmat Myllubakkaskóla og hvað helst ætti að skoða næst.
Umræðan snerist heilmikið um heimanám og hvaða form væri best að hafa á því. Heimanámstímar sem áður voru í skólanum hafa verið felldir niður í kjölfar minni fjárframlaga bæjarins.
5. Rætt var um fulltrúa úr grenndarsamfélginu í skólaráðið og stungið var upp Grazynu. Svana tók að sér að hafa samband við hana og hún gefur kost á sér.
6. Farið var yfir þá viðburði sem búnir eru í vetur og þá sem eru á næstunni s.s. FFGÍR-fundur 12 október í FS, opið hús 5. október á alþjóðadegi kennara, 9. bekkur í ungmenna- og tómsundabúðunum á Laugum 11.-15. október, fatamarkað 19. október í skólanum, Forvarnardaginn sem verður 3. nóvember, legokeppninga sem verður 15. nóvember og hvort hvetja eigi til meiri grænmetisnóktunar í nestistímum. Nú þegar hafa nokkrir kennarar sérstaka grænmetisnestistíma.
7. Næsti fundur verður 15. nóvember

Fundarritari: Svana Daðadóttir